



FUNDARGERÐ 450. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, fimmtudaginn 24. júní 2021. Fundurinn er settur klukkan 16:00. Fundurinn er staðfundur að Veghúsastíg 9.

Fundarstjóri: Líf Magneudóttir formaður, fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Mætt: Ágúst Bjarni Garðarsson, Bjarni Torfi Álfþórsson, Hjördís Ýr Johnson í fjarveru Birkis Jóns Jónssonar, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir og Líf Magneudóttir.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, sérfræðingur í samskiptum og samfélagsvirkni.

Guðmundur Tryggvi Ólafsson, rekstrarstjóri endurvinnslustöðva, situr fundinn undir liðum 1 og 2.

Tekið fyrir

1. Endurvinnslustöð á Lambhagavegi – staða verkefnis og næstu skref

Rekstrarstjóri endurvinnslustöðva gerir grein fyrir stöðu verkefnis um uppbyggingu endurvinnslustöðvar við Lambhagaveg og næstu skrefum verkefnisins.

Stjórn SORPU bs. bókar eftirfarandi:

Stjórn SORPU bs. leggur áherslu á ábyrga, aðgengilega, hagkvæma og umhverfisvæna meðhöndlun úrgangs. Endurvinnslustöðvar eru mikilvægur hlekkur í því verkefni og áframhaldandi undirbúningur nýrrar endurvinnslustöðvar við Lambhagaveg skiptir þar miklu máli. Stjórn undirstrikar því mikilvægi þess að verkefnið haldi vel áfram og að fyrirbyggjandi tímaáætlanir gangi eftir.

2. Breytingar á gjaldskrá vegna svartra poka á endurvinnslustöðvum

Rekstrarstjóri endurvinnslustöðva gerir grein fyrir tillögu um heimild fyrir starfsfólk endurvinnslustöðva til að leggja 500 króna álagsgjald á hvern ógagnsæjan poka sem viðskiptavinir endurvinnslustöðva skila.

Stjórn SORPU bs. bókar eftirfarandi:

Stjórn SORPU bs. samþykkir tillöguna. Stjórn bindur miklar vonir við góðan árangur af nýju verklagi á endurvinnslustöðvum sem gerir óheimilt að skila efnun til endurvinnslu í ógagnsæjum umbúðum. Sú staðreynd að um helmingur þess úrgangs sem skilað er í gám til urðunar á endurvinnslustöðvar eigi sér umhverfisvænni og ódýrari farveg kallar á heimildir starfsfólks endurvinnslustöðva til álagningar gjalda á viðskiptavini sem ekki virða sjálfsögð tilmæli um að skila úrgangi í gagnsæjum umbúðum.



3. Aflétting á fyrirvara á samningi við Ymi Technologies

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir undirritun samnings um flutning á vinnslulínu Ymis Technologies í nýtt og endurbætt húsnæði við GAJA.

Stjórn SORPU bs. bókar eftirfarandi:

Stjórn SORPU bs. afléttir fyrirvara við undirritun samnings við Ymi Technologies.

4. Gjaldskrábreytingar og breytingar á móttöku

Framkvæmdastjóri og sérfræðingur í samskiptum og samfélagsvirkni gera grein fyrir fyrirhuguðum breytingum á gjaldskrá SORPU og móttöku úrgangsflokka frá og með 1. júlí eða 1. september. Breytingarnar eru eftirfarandi:

Breytingar 1. júlí:

4,04% vísitöluhækkun allra liða í gjaldskrá nema endurvinnsluefna

Eftirtaldir flokkar lækka í 3,58 kr./kg:

- 1211717 Jarðvegur og uppgröftur
- 1210316 Bílrúður
- 1213617 Gifs og gifsplötur
- 1210315 Glerumbúðir og glerilát
- 1210317 Steinefni frá framkvæmdum
- 1210310 Steinefni frá framleiðslu byggingarefna
- 1210320 Steinefni frá söfnun sveitarfélaga
- Nýr liður í MTFS: Sérsafnaður lífrænn heimilisúrgangur: 26,00 kr./kg.
- Nýr liður í GAJU: Lífrænn, dælanlegur úrgangur: 20,29 kr./kg

Fært af urðunarstað í MTFS

- Lífrænn úrgangur frá matvælaframleiðslu (var Fóður, mjöl og hveiti, og Deig á urðunarstað) – Óbreytt verð, 15,33 kr./kg.
- Matvæli í umbúðum – Óbreytt verð: 11,86 kr./kg.
- Sérsafnaður lífrænn heimilisúrgangur – Nýr flokkur: 26,00 kr./kg.

Aðrar breytingar í MTFS

- Einn flokkur brotinn upp í tvo
- Almennur heimilisúrgangur í forvinnslu – Óbreytt verð: 29,34 kr./kg.
- Pressanlegur úrgangur frá daglegum rekstri – Óbreytt verð: 29,34 kr./kg.

Nýtt í GAJU

- Lífrænn dælanlegur úrgangur: 20,29 kr./kg.

Breytingar 1. september

Ýmis sláturúrgangur hækkar í 28,00 kr./kg.

- 1211920 Dýrahæ frá einstaklingum og dýralæknum
- 1211902 Dýrahæ frá landbúnaði
- 1214102 Fituríkur sláturúrgangur meira en 20% fita, kornastærð < 60 mm
- 1213802 Sláturúrgangur 3. áhættuflokkur (í lausu)
- 1212502 Sláturúrgangur 3. áhættuflokkur (í véltækum stórsekkjum)
- 1212402 Sláturúrgangur 2. áhættuflokkur
- 1212302 Fiskiúrgangur
- 1214019 Fita frá skólphreinsistöðvum
- 1211602 Lýsishrat
- 1213219 Þveginn ristarúrgangur
- 1213102 Ölgerðarhrat

Öll verð eru án virðisaukaskatts.



Stjórn SORPU bs. bókar eftirfarandi:

Stjórn SORPU bs. samþykkir tillögur að breytingum á gjaldskrá.

5. Önnur mál

Stjórn fer yfir næsta fund eigendavettvangs sem er fyrirhugaður nk. þriðjudag.

6. Næsti fundur

Næsti fundur stjórnar er boðaður samkvæmt starfsáætlun stjórnar.

Fleira var ekki gert og fundi slitið klukkan 17:59.